

30.8.2016

Í [2.gr.](#) í frumvarpi til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, stendur: *Skilyrði úttektar á séreignarsparnaði er að rétthafi hafi ekki áður átt íbúð.*

Þetta er óréttlátt og ætti frekar að skilyrða við að einstaklingar séu að kaupa fyrstu íbúð þ.e. þeir sem ekki eiga íbúð en ætla að kaupa eina. Ekki á að skipta máli hvort fólk hafi áður átt íbúð.

T.d. keypti ég íbúð 1992 og sel hana 1995 þegar ég flyt erlendis til að mennta mig. Ég flyt aftur til Íslands 2007 og hef síðan þá ekki haft ráð á að kaupa mér íbúð og er fastur á leigumarkaðnum.

Nauðsynlegt er að sníða þetta frumvarp þannig að það hjálpi öllum sem eru í húsnæðisvandræðum en ekki bara sumum.

Kveðja

Jón Valgeir Björnsson

jonvalgeir73@gmail.com